

ÁRSSKÝRSLA 2024



**MENNTASKÓLINN
AÐ LAUGARVATNI**

manngildi, þekking, atorka

ÁVARP SKÓLAMEISTARA

Framtíð skóla eins og Menntaskólans að Laugarvatni er björt í þeim raunveruleika sem við búum við í ljósi innreiðar gervigreindar og aukinnar sjálfvirknivæðingar. Í hverju felst birtan? Jú, fyrst og fremst í samverunni sem skóli eins og Menntaskólinn að Laugarvatni leggur mikla áherslu á. Í eðli sínu býður heimavistar skóli upp á meiri nánd og samveru en annars fæst þegar nemendur hverfa heim til foreldra hús eftir skóla. Það er þó ekki sjálfgefið að samveran náist eða að hún sé jákvæð. Að því þarf að vinna með stöðugum hætti og lykillinn að farsælli dvöl á heimavist ML byggir á góðri samvinnu nemendafélagsins Mímis, skólastjórnenda og starfsfólks heimavista.



Í ljósi óvissunnar sem uppi er í heiminum varðandi hraða tækniþróun hafa kennarar þurft að hafa sig alla við að uppfæra kennsluaðferðir, matsaðferðir og almennt þá nálgun sem þau viðhafa í miðlun upplýsinga og fræða til sinna nemenda. Nemendur standa einnig frammi fyrir freistnivanda þar sem gervigreindin getur framkvæmt heilmikið af vinnunni sem lögð er fyrir en þá um leið tapar nemandinn af þeirri færni sem ávinnt við að vinna verkið. Nemendur og kennarar kljást því við sama vandann en frá sitthvoru sjónarhorninu og glíma af þessu tagi er áhugaverð bæði út frá tilvistarlegri og kennslufræðilegri hugmyndafræði.

Ofangreint fellur þó talsvert í skuggann og minnkar í samhengi við það sem við sjáum í uppsiglingu hjá þjóð sem áður flest ríki heims litu til sem fyrirmyndarríkis lýðræðis og jafnra tækifæra. Æska þessa lands er alin upp í góðum gildum innan menntakerfis sem hefur opinberlega haft þá stefnu að réttindi ólíkra hópa skuli vera jöfn og því kemur það spánskt fyrir sjónir að einstaklingar með vafasamar skoðanir nái kjöri og umbylti stjórnkerfi í lýðræðisríki á nokkrum, stuttum vikum. Í aðstæðum sem þessum afhjúpast gríðarlegt mikilvægi öflugs menntakerfis.

Í skóla kynnist unga fólkið okkar fleiru en því sem þau alast upp við í heimahúsum, þar víkkar sjóndeildarhringurinn sem gerir ungu fólki kleift að hleypa heimdraganum. Hlutverk menntakerfis kristallast í umræðu og umhverfi eins og því sem skapast hefur í kringum óstöðugt pólitískt umhverfi á alþjóðavettvangi. Það þarf að efla sjálfstæða hugsun einstaklingsins og að byggja upp samfélag sem er grundvallað í kærleika og góðum gildum. Það hvílir skuggi yfir heiminum og Menntaskólinn að Laugarvatni, ásamt íslenska menntakerfinu öllu, leggur sitt lóð á vogarskálarnar í baráttunni gegn myrkrinu með fræðslu, upplýsingu og góðum gildum; með valdeflingu til handa ungu fólki sem mun taka við og breyta heiminum.

*Jóna Katrín Hilmarsdóttir
Laugarvatni, apríl 2025*

FJÁRHAGSLEG AFKOMA

Á árinu 2024 var ársvelta Menntaskólans að Laugarvatni kr. 504,6 milljónir og neikvæð afkoma kr. -14.7 milljónir.

Halli á rekstri skólans hefur stafað af kostnaði vegna veikinda starfsfólks. Til að mæta hallanum hefur verið gripið til aðhalds- og sparnaðaraðgerða þar sem helst ber að nefna niðurskurð á yfirvinnu kennara, niðurskurð í valáföngum og almennt aðhald í öllum rekstri.

Nánari upplýsingar um fjárhagslega stöðu skólans er hægt að nálgast í ársreikningi Menntaskólans að Laugarvatni sem gefinn er út á heimasíðu skólans á öðrum ársfjórðungi ár hvert.

STARFSFÓLK

Á skrifstofu skólans starfa, auk skólameistara, áfangastjóri í 75% starfi, skólafulltrúi/ritari í 100% starfi og náms- og starfsráðgjafi í 50% starfi. Þá sinnir verkefnastjóri UT-mála í 50% starfi stoðþjónustu við starfsmenn og nemendur. Gæðastjóri í 50% starfshlutfalli hefur umsjón með innleiðingu gæðakerfis, hönnun EKKO-kerfis og fleiri kerfislægra þátta.

Á bókasafni er forstöðumaður í 60% starfi. Fjármálastjóri skólans er í 40% starfi og sem gjaldkeri Mötuneytis Menntaskólans að Laugarvatni í 60% starfshlutfalli.

Í mötuneyti starfa, auk bryta í 100% starfi, fjórir aðstoðarmatráðar í 100% starfi hver (á níu mánaða ráðningu). Í þvottahúsi er einn starfsmaður í 100% starfi á ársráðningu.

Umsjónarmaður fasteigna er í 100% starfi en hann gegnir einnig starfi húsbónda á heimavistum. Á heimavist starfa, auk húsbónda, húsfreyja í 50% starfi og tveir vistarverðir í 50% starfi hvor (á níu mánaða ráðningu). Fjórir starfsmenn vinna við ræstingu skólahúsnæðis og heimavista í tímamældri ákvæðisvinnu á starfstíma skóla, níu mánaða ráðningu. Einn starfsmaður starfar nú til reynslu á ársráðningu við ræstingar og hefur þá umsjón með ræstingum bygginga yfir sumartímann, til viðbótar við hefðbundin störf yfir vetrartímann.

Elfar Þór Bragason sálfræðingur starfar við skólann sem verktaki. Hann kemur í skólann tvo til fjóra daga í mánuði og hefur aðstöðu til að taka á móti nemendum sem þurfa á sálfræðiþjónustu að halda. Skólinn rekur þjónustu sálfræðings á eigin kostnað.

Töluverður kynjahalli er í starfsliði Menntaskólans að Laugarvatni. Haustið 2024 voru samtals 39 starfsmenn við stofnunina og skiptust kynin þannig að 36% voru kk en 64% kvk. Ekki voru nein sem skilgreindu sig sem annað kyn. Í kennarahópnum voru 19 kennarar í 14 stöðugildum, eru 32% kk en 68% kvk (haust 2024).

VIÐTÖL VIÐ STARFSFÓLK

Mannauðurinn er helsta auðlind ML. Hér fáum við að kynnast betur tveimur úr starfsliðinu, Berglindi Pálmadóttur ræstitækni og Pálma Hilmarssyni umsjónarmanni fasteigna og húsbónda á heimavistum ML



Nafn: Berglind Pálmadóttir

Starf: Ræstitæknir

Hvað gerir þú í vinnunni: Ég sé um almenn þrif á heimavistunum Nös og Kös, þar sem mestmegnis eru krakkar úr 1. og 2. bekk. Ég þrif sem sagt sameiginlegu rýmin - gangana, anddyrin, setustofurnar og baðherbergin. Ekki herbergin þeirra, þau fá að sjá um þau þrif sjálf.

Hvaðan ertu? Laugarvatni

Menntun: Stúdent frá Menntaskólanum að Laugarvatni, útskrifuð húsmóðir úr Hússtjórnarskóla Reykjavíkur, með rútupróf og tók leiðsögumanninn í Leiðsöguskóla MK.

Fyrri störf: Þau hafa verið allskonar og ansi mörg en þau helstu eru 3 ár sem ökuleiðsögumaður, mest hjá Geolceland. Um 1 ár í þrifum hjá Hótel Laugarvatni. Almennur starfsmaður og vaktstjóri hjá Fontana í um 2-3 ár samanlagt. Leiðsögumaður á hestaleigunni Íslenski hesturinn, 2 ár á leikskóla í Reykjavík, 6 mánuði á hóteli í Noregi, nokkur sumur á Hótel Eddu - bæði í ML og á Laugum í Sælingsdal. 1 ár sem au-pair í Frakklandi. 3 ár hjá Samkaupum, bæði á Laugarvatni og í Kópavogi. Já þetta eru svona mín helstu störf síðustu 20 árin.

Af hverju vinnurðu við ML? Ég hugsa að það séu margar ástæður fyrir því en sú helsta er að foreldrar mínir, Erla og Pálmi, vinna hér og tel ég það vera ein hin mesta lífsins lukka að fá að vinna með þeim og búa aftur á Laugarvatni. Þessi tiltekna vinna er líka þægileg fyrir einstætt foreldri - t.d. er auðvelt að taka dóttur mína með í vinnuna ef þannig stendur á.

Áhugamál: Þessa dagana er það líklega að gera neglur, eyði nokkrum kvöldum á mánuði í það. Annars hefur mér alltaf fundist gaman að þrjóna þótt að neglurnar hafi aðeins komið þar í forgang. Svo finnst mér alltaf gaman að eyða tíma með góðum vinum og fjölskyldunni, þótt það flokkist kannski ekki sem áhugamál.

Leyndur hæfileiki: Ég er sjúklega góð í að brjóta saman þvott - þá sérstaklega rúmföt og handklæði!



Nafn: Pálmi Hilmarsson

Starf: Umsjónarmaður fasteigna og húsbóndi á heimavistum ML.

Hvað gerir þú í vinnunni: Nú orðið er það helst að hugsa sem mest um húsnæðið bæði að utan sem innan. Reyna að hafa skólann og hans nærumhverfi snyrtilegt og okkur til sóma og öll okkar hús í góðu lagi. Funda þá með Ríkiseignum og skólameistara og gera áætlanir um næstu verkefni í viðhaldsmálum. Núna er t.d. verið að vinna í stóru verkefni á Kös og til stendur svo að gera upp efnafræðistofuna. Undanfarið hefur mikið púður farið í kennarabústaðina þannig að það er stöðugt verið að vinna að einhverjum viðhaldsverkefnum. En þar að auki sinni ég enn aðeins vistargæslunni, tek þriðju hverja helgi en er hættur að ganga á vistir á kvöldin eins og ég gerði hér fyrstu 32 árin mín við störf hjá skólanum. Fór þá alltaf út kl. 23.00 og kom yfirleitt ekki heim fyrr en í fyrsta lagi kl. 02.00 og oft mun seinna. Auk þessa hef ég reynt að vera nemendum til aðstoðar í ýmsu sem snýr að þeirra félagslífi eins og t.d. aðstoða þau í kringum leikritið og einnig kórinn. Hef keyrt rútuna fyrir þau og einnig skólann í flest öllum ferðum sem bæði skólinn og nemendafélagið fara.

Hvaðan ertu? Fæddur í Reykjavík 31. mars 1964, en við fluttum á Hjálmsstaði þegar ég var aðeins 3 mánaða. Þjuggum þar meðan foreldrar mínir byggðu hér hús á Laugarvatni. Ég fór á flakk um 17 ára aldurinn og bjó hér og þar, nokkur ár í Reykjavík en kom aftur heim 1990 og verið hér síðan.

Menntun: Eftir nám í Héraðsskólanum á Laugarvatni tók ég eitt ár hér í ML. Það hentaði mér illa svo ég fór í Bændaskólann á Hvanneyri og kláraði þar búfræðinám. Fór svo á samning í bifreiðasmíði sem ég kláraði á verkstæði í Reykjavík en á enn þá eftir aðeins af skólanum, og mun eflaust eiga.

Fyrri störf: Það er nú af ýmsu að taka ef allt ætti að telja. Allskonar sveitastörf framan af, meðal annars hjá afleysingaþjónustu bænda. Var í tvö sumur hjá Íshestum og reið þá nokkrum sinnum yfir Kjöl með ferðamenn. Á veturna á þeim tíma vann ég hjá hestamannafélaginu Fáki í Reykjavík ásamt öðrum sem hirðir, en við vorum með um 250 hesta á fóðrum þar. Á kvöldin vorum við svo að járna hesta fyrir fólk. Nokkra mánuði var ég á lyftara í áburðarverksmiðjunni í Gufunesi. Fór svo að vinna á bílaverkstæði í Garðabænum, og eftir það vann ég á loftpressu í eitt sumar. Á þeim tíma var ég líka dyravörður á Hótel Íslandi sem var þá langstærsti og flottasti skemmtistaður landsins. Fór svo að vinna á verkstæði SVR og var þar í um fjögur ár, hætti haustið 1990. Auk þessa alls vann ég í ein 5 haust í sláturhúsinu í Laugarási og einnig keyrði ég á þeim tíma líka rútur. Fór hringferðir fyrir Magnús Hjartarson, Magga kók eins og hann var kallaður en sótti einnig áhafnir til Keflavíkur fyrir Kynniferðir. Þær ferðir voru yfirleitt á nóttunni eða undir morgun. Hef svo keyrt fyrir GT á sumrin nokkrar ferðir flest sumur.

Af hverju vinnurðu við ML? Það var nú eiginlega tilviljun. Við Erla vorum komin með alveg nóg af Reykjavík og sáum að það hentaði okkur ekki að vera þar. Þá sá ég auglýsingu í Mogganum frá ML, þar var auglýst eftir húsbónda, húsfreyju eða félagsráðunaut eins og sagði í auglýsingunni. Ég sótti bara um, og Kristinn heitinn vinur minn og Óskar Ólafsson sá heiðursmaður tóku mig í viðtal og ég var ráðinn. Við ætluðum fyrst aðeins að vera bara 1 – 2 ár, en þau eru nú orðin 35 og verða eitthvað fleiri. Þetta var örlagavaldur í okkar lífi og við sjáum ekki eftir því, höfum átt gott samstarf við nemendur og starfsmenn.

Áhugamál: Þetta starf hefur einhvern veginn orðið að aðaláhugamálinu og má segja að hafi orðið okkar lífsstíll. En þegar færi gefst hef ég mjög gaman af allri útiveru eins og göngu á fjallið, vera úti á vatni eða bara ferðast almennt séð. Helst hér innanlands en líka erlendis. En að þessu sögðu, þá er ég mjög stoltur af öllum mínum börnum og barnabörnum og hef afar gaman af því að fá þau öll í góðan kvöldmat eða gera eitthvað skemmtilegt með þeim. Þær stundir mættu vera fleiri. Og söngurinn hefur tekið mikinn tíma, erum núna með Skálholtskórnum, auk annara félagsmála í sveitinni.


Leyndur hæfileiki: Tja, svo sem enginn – nema kannski að vera nokkuð fljótur að taka innan úr eins og var sagt í sláturhúsinu á sínum tíma. Þótti líka nokkuð góður að halda löppum við járningar 😊

STARFSÞRÓUN

Í stefnumiðaðri áætlun ML til þriggja ára kemur fram það markmið að auka starfsþróun kennara og annars starfsfólks, efla mannleg samskipti og samvinnu. Í því augnamiði skal m.a. halda skrá um námskeið sem kennarar sækja, umbuna fyrir sí- og endurmenntun með hvata í stofnanasamningi og auka fræðslu á vegum skólans með því að halda 1-2 námskeið/erindi á önn.

Á árinu 2024 voru eftirfarandi fræðsluviðburðir fyrir allt starfsfólk í ML:

- ❖ Streituskólinn – Ólafur Þór Ævarsson, 15. ágúst 2024
- ❖ Áhorfendanálgun – Benna Sörensen, 2. október 2024
- ❖ Menntaskólinn – Bjarni Snæbjörnsson með erindi í hinseginvikunni, nóvember 2024



STARFENDARANNSÓKNIR


8 starfendarannsóknarfundir voru haldnir á árinu þar sem kennarar voru með undirbúnað kynningar og umræður. Starfendarannsóknarfundir eru í skóladagatalinu, Áslaug Harðardóttir áfangastjóri sér um skipulag. Mæting og þátttaka er afar góð. Hér fylgir yfirlit yfir skipulag starfendarannsóknarfunda árið 2024:

Hver kynnir	Viðfangsefni	Dagsetning
Elín Una	Hlaðvarpsverkefni í íslensku	30. janúar
Jón Forni	Munnlegt/verklegt námsmat í eðlisfræði	27. febrúar
Ívar Rafn Jónsson	Gestur (lektor við Háskólann á Akureyri) samtal um leiðsagnarnám	19. mars
Margrét Elín, Freyja Rós	Veggspjaldagerð í þýsku, valverkefni í stjórnmálafræði	16. apríl
Umræður	Hugmyndavinna fyrir komandi vetur	27. ágúst
Súsanna Margrét Gestsdóttir	Námssamfélag, bandamenn, leiðsagnarkennsla	24. september
Jóna Björk	Reynsla frá Laugum, Teams sem kennsluumhverfi	22. október
Elín Jóna	Kahoot og Teams í kennslu	19. nóvember



Ljóðlist undir húsvegg

Lokaverkefni Söru, líkan af ML



SÍMENNTUN OG ENDURMENNTUN

Kennsla og skólastarf er í eðli sínu í sífelldri þróun. Óformlegar leiðir eins og bókalestur og nærandi samtöl eru sannarlega hluti af því að þroskast í menntastarfi. Þá sækir starfsfólk hin ýmsu námskeið og ráðstefnur. Dæmi um það frá árinu 2024:

- ❖ Starfsþróunardagurinn 1. mars 2024
- ❖ EdTech ráðstefna í London (Bett UK)
- ❖ Ástin og listin að elska - (Endurmenntun HÍ)
- ❖ Að vekja ungt fólk til hnattrænnar vitundar: heimsmarkmiðin og Sameinuðu þjóðirnar (Félag Sameinuðu þjóðanna)
- ❖ Misskipting - lagskipting – inngilding (Félag félagsfræðikennara og félag kynjafræðikennara)
- ❖ Building Book Love – Creative Strategies for Student Engagement (Félag enskukennara)
- ❖ Mannréttindi og skautun (Félag sögukennara)
- ❖ M365 sköpun, sjálfvirkni og samvinna (Félag um upplýsingatæknimenntun)
- ❖ Fundir um Grænt bókhald og Hringrásarhagkerfið (Umhverfisstofnun)

Bæði á vorönn og haustönn gafst kennurum kostur á að sækja um svokallað aukafjármagnsþrep, sem er útfærsla vegna bókunar 2 í síðustu kjarasamningum KÍ við ríkið. ML fær úthlutað 1.700.000 kr. á ársgrundvelli vegna bókunarinnar. Samkvæmt útfærslu í stofnanasamningi ML gátu kennarar sótt um vegna símenntunar, endurnýjunar áfanga eða nýs áfanga, rannsóknarverkefnis eða sérstakrar nýsköpunar og leiðsögn með nýjum kennara/náms- og starfsráðgjafa. Hér er yfirlit yfir það hvernig þrepunum var úthlutað, hálft ár í senn, samtals tíu þrepum.

AUKAFJÁRMAGNSÞREP VOR 2024

Ásrún Ester	Leiðsögn með nýjum kennara (árið á undan)	1 þrep
Áslaug	Endurgerð áfanga (samstarf og þróun nýs námsefnis)	1 þrep
Margrét Elín	Endurgerð áfanga (samstarf og þróun nýs námsefnis)	1 þrep
Freyja Rós	Sérstök nýsköpun (þróun EKKO-kerfis)	1 þrep
María Carmen	Sérstök nýsköpun (forvarnardagurinn Ábyrg í umferðinni)	1 þrep
Karen Dögg	Endurgerð áfanga (þroskasálfræði)	1 þrep


AUKAFJÁRMAGNSÞREP HAUST 2024

Elín Una	Endurgerð áfanga	1 þrep
Heiða	Endurgerð áfanga	1 þrep
Freyja Rós	Leiðsögn með nýjum kennurum	1 þrep
Karen Dögg	Símenntun	1 þrep

NÁM OG KENNSLA

NEMENDUR - TÖLFRÆÐI


Í ML eru tvær námsbrautir; félags- og hugvísindabraut og náttúruvísindabraut. 128 nemendur gengust undir námsmat vorið 2024 og 43 nemendur útskrifuðust, 24 af félags- og hugvísindabraut (F-bekkur) og 19 af náttúruvísindabraut (N-bekkur). Nýnemar í 1. bekk voru 56.




Haustið 2024 voru samtals 74 nemandi á félags- og hugvísindabraut og 65 voru á náttúruvísindabraut. Aðsóknin var góð bæði á félags- og hugvísindabraut (F) og á náttúruvísindabraut (N), færri komust að en vildu; 24 drengir og 32 stúlkur innrituðust á 1. ár.

Nemendur í ML haust 2024 - kyn og bekkur


Bekkur	KK	KVK	Samtals
1F	8	20	28
1N	16	12	28
2F	11	16	27
2N	16	12	28
3F	7	12	19
3N	1	8	9
Samtals:	59	80	139



Í heildina voru 139 nemendur í skólanum við upphaf haustannar 2024. Drengir voru 59 og stúlkur 80. Á myndinni hér fyrir neðan má annars vegar sjá hvernig kynjaskipting nemendahópsins hefur þróast síðustu ár.



Kynjahlutföll meðal útskrifaðra haldast í hendur við innritunina, enda brottfall lítið við skólann, bæði meðal drengja og stúlkna. Hlutföllin eru sem betur fer aftur orðin ásættanleg, 37% drengir og 63% stúlkur útskrifuðust 2024.



ÞRÓUN NÁMS ML

Nemendur við Menntaskólann að Laugarvatni fengu kost á því að stunda blak og fá einingar fyrir. Það var afar vinsælt, um 40 nemendur æfðu í allan vetur, álíka margar stelpur og strákar. Þetta samstarf fór vel af stað. Frétt birtist í Sunnlenska af HSK móti þar sem ML-ingar kepptu undir hatti nemendafélagsins Mímis; „Athygli vakti að til leiks mætti lið frá Íþróttafélaginu Mími sem er lið nema Menntaskólans að Laugarvatni. Mímir tók þátt í mótinu á fyrstu árum þess og varð HSK meistari í fjögur skipti, árin 1987, 1988, 1992 og 1993. Mímir tók síðast þátt í mótinu árið 1997, hlé á þátttöku félagsins varði því í 27 ár.“

SUNNLENSKA.IS

FRÉTTIR

ÍÞRÓTTIR

MENNING

AÐSENT

FAGURGERÐI

SUNNLENDI

Heim > Íþróttir > Mímiskonur mættu á héraðsmót eftir 27 ára hlé

Íþróttir

Mímiskonur mættu á héraðsmót eftir 27 ára hlé

9. desember 2024 16:00



SAMSTARFS- OG SAMSKIPTAVERKEFNI

Á heimasíðu skólans er haldið saman yfirliti yfir [samstarfs- og samskiptaverkefni](#). ML er skóli í sveit en nemendur eru langt því frá að vera bundin við skólastofuna eða staðinn. Þau fá ótal tækifæri til að víkka sjóndeildarhringinn með því að ferðast og taka á móti gestum; kynnast atvinnulífinu, háskólum, stofnunum, söguslóðum, íslenskri náttúru og öðrum löndum.



KÓRINN

Eyrún Jónasdóttir kórstjóri á svo sannarlega mikið hrós skilið fyrir krefjandi starf með stærsta menntaskólakór landsins! Það mætti segja að hún byrji á hverju ári með nýjan kór. Einn þriðji hluti reyndra meðlima fer og um sama hlutfall af byrjendum kemur inn í staðinn. Öll sem koma í ML fá tækifæri til þess að starfa með kórnum. Sum eru jafnvel að stíga sín allra fyrstu skref í kórsöng.

Pálmi Hilmarsson húsbóndi ásamt húsfreyjunni Erlu Þorsteinsdóttur standa þétt við bakið á öllu sem snýr að kórnum og styðja verkefnastjóra. Pálmi keyrir rútna og tekur upp tónleikana. Margrét Elín Ólafsdóttir var verkefnastjóri kórsins á árinu.



Vortónleikar kórs Menntaskólans að Laugarvatni voru haldnir í Skálholtskirkju á sólríkum og björtum degi. Kórmeðlimir lífðu ekki einungis upp á kirkjuna með sínum bjarta og fallega söng, litríkur fatnaður þeirra var einnig áberandi.

Allt önnur stemming var í Skálholti um hálfu ári síðar á einstaklega hátíðlegum tónleikum. Jólatónleikarnir voru stórviðburður, samstarfsverkefni ML og Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands.



VERKEFNI

Hér að neðan eru nokkur dæmi um mikilvæg verkefni og áfanga í hinum ýmsu verkefnum sem unnið er að í skólanum. Þetta er langt frá því að vera tæmandi upptalning en veitir innsýn í fjölbreytta starfsemi ML.

GRÆN SKREF OG UMHVERFISMÁL
✓ Áfram unnið með Græn skref í ríkisrekstri ✓ Gróðursetning á Langamel ✓ Sendinefnd frá ML á Landshlutfund Grænfánans á Sólheimum
JAFNRÉTTISMÁL
✓ Árleg skýrsla um jafnréttisstarf í ML á heimasíðu skólans ✓ Hvatningarverlaun Heimilis og skóla – EKKO starf í ML
HEILSUEFLANDI FRAMHALDSSKÓLI OG FORVARNIR
✓ Þátttaka ML í <i>Öruggara suðurland</i> – svæðisbundnu samráði ✓ Ný Heilsustefna ML
KYNNINGARMÁL
✓ Opið hús í mars ✓ Lokaverkefni útskriftarnema til sýnis, öllum boðið
GÆÐAMÁL OG INNRA MAT
✓ Verklagsreglur um viðurlög vegna brota á skólareglum ✓ Skýrsla um Skýrsla um sjálfsmat 2023-2024 sjá umbótaáætlun aftast.
UPPLÝSINGATÆKNI
✓ Búnaður í list- og verkgreinastofu, s.s. promethan skjár og Apple Mac Studio tölva og upptökugræjur fyrir fyrir hljóðverið ✓ Forgangaðgangur fyrir Kahoot
FLEIRA MARKVERT
✓ Samstarf við Hsu – vikulegar heimsóknir hjúkrunarfræðings

ÁRIÐ 2024 Í HNOTSKURN

JANÚAR

15. Janúar

Ný verkgreinastofa tekin í notkun, Gullkista.

24. janúar

Skíðaferð á skíðasvæði Tindastóls

FEBRÚAR

15. febrúar

Ný stjórn nemendafélagsins kjörin. Kolfinna Sjöfn Ómarsdóttir stallari.

MARS

7. mars

Framsýning frumsamda leikritsins Adrenalín

13. mars

Opið hús

13.-15. mars Dagamunur og Dollinn

15. mars

Árshátíð ML

18.-22. mars

París – námsferð

APRÍL

24. apríl

Vortónleikar kórsins, Skálholt

MAÍ

2. maí

ML Tröll og skessa

3. maí

Dimissio

10. maí

Opið hús – kynningar lokaverkefna

25. maí

Útskrift og skólaslit

ÁGÚST

19. ágúst

Nýnemadagur, nýnemar mæta á Laugarvatn

21. ágúst

Skólasetning

SEPTEMBER

3. september

Fjallganga ML og gróðursetning á Langamel

19. september

Tjaldferð útivistar

23. september

Forvarnarferð 1. Bekkjar

25. september

Flaggað á fánadegi Sameinuðu þjóðanna – ML er UNESCO skóli

OKTÓBER

4-5. október

Æfingabúðir kórsins í Aratungu

14-18. október

Berlín - námferð

31. október

Kynningardagur og söngvakeppnin Blítt og létt

NÓVEMBER

21. nóvember

Skuggakosningar

